



## Minnisblað til Fjárlaganefndar frá Vesturbyggð, 9. Október 2015

Í minnisblaði þessu til Fjárlaganefndar Alþingis leggur sveitarfélagið Vesturbyggð áherslu á eftirfarandi verkefni:

### 1. Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða:

- a. Framlög til HVEST eru allt of lág og útilokað að reka stofnunina með fjármagninu sem liggur fyrir, 1,8 á komandi ári. Forsvarsmenn HVEST telja að stofnunin þurfti 140 milljónir til viðbótar svo að fjármögnun sé í takt við aðrar stofnanir, s.s. Heilbrigðisstofnun Austurlands. HVEST og HVE eru með minni hækkun milli ára en aðrar heilbrigðisstofnanir í landinu. Fjárveitingar duga ekki til rekstar og þeirra verkefni sem ætlast er til af stofnuninni. Erfitt að manna stöður, t.d. vantar lækna og sjúkraþjálfara. Einungis 5 lækna starfandi en þyrftu að vera 10 skv. Heilbrigðisráðuneyti. Samt er stofnunin rekin með halla.
- b. Mikil þörf er fyrir Hjúkrunarheimili á Patreksfirði. Eldri borgarar flytja í burtu vegna aðstöðuleysis á Patreksfirði. Ekki í boði að flytja sjúklinga yfir á Ísafjörð. Mjög brýnt verkefni fyrir byggðina á sunnanverðum Vestfjörðum! Hátt hlutfall íbúa á Patreksfirði sem eru mjög aldraðir og er nokkur fjöldi íbúa sem er yfir níuætt sem búa einir. Um 13% íbúa í Vesturbyggð eru eldri en 67 ára.
- c. Áhyggjur af fjármögnun nýs hjúkrunarheimilis á Ísafirði og hvaða áhrif sá rekstur hefur á HVEST.
- d. Skilgreina þarf hver er lágmarksgrunnþjónusta samfélaga út frá öryggissjónarmiðum.

### 2. Samgöngumál eru lykillinn að framförum og eflingar byggðar á sunnanverðum Vestfjörðum:

- a. Vegagerð á sunnanverðum Vestfjörðum verður að ljúka; Vestfjarðavegur nr. 60 um Teigsskóg, Dýrafjarðarjarðgöng og tenging byggða á norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum. Einnig þarf að huga að fjölsóttum ferðamannaleiðum eins og t.d. vegur út á Látrabjarg, Rauðasand og Selárdal.
- b. Þjónusta Breiðafjarðarferjunnar Baldurs skerðist ekki, frekar gefið í.
- c. Áætluarflug á Bíldudal er mikilvægt byggðunum á sunnanverðum Vestfjörðum. Mikil þörf á tveimur ferðum á dag, 1-2 í viku. Mikil umsvif eru orðin í samfélaginu sem kalla á tíðari samgöngur.

- d. Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði sé kláruð til að tryggja öryggi gagnamiðlunar.
- e. Þjónusta og viðhald vega á sunnanverðum Vestfjörðum verði aukin, bæði yfir vetrar og sumartímann.

### 3. Þjóðgarðurinn Látrabjarg er byggðapróunarverkefni.

Ríkisvaldið skeri ekki fjárveitingar til Umhverfisstofnunar vegna þessa verkefnis en unnið er að undirbúningi að stofnun þjóðgarðs. Deiliskipulagsvinnu er lokið og verndaráætlun er í vinnslu.

### 4. Málefni fatlaðra

Í ályktun þingsins um málefni fatlaðs fólks vilja sveitarfélögin á Vestfjörðum undirstrika að þau telja málaflokkinn vera best kominn í höndum sveitarfélagana með samstarfi í gegnum núverandi fyrirkomulag með byggðasamlagi (BsVest). Staða málaflokksins hefur hinsvegar breytst mikið frá því að sveitarfélögin tóku við málaflokknum árið 2011 en þjónustustig hefur aukist samfara auknum kröfum. Sveitarfélögin hafa leitast við að hafa þjónustuna í samræmi við þau lög og reglugerðir sem ríkið hefur sett, en mikill vandi hefur skapast þar sem fjármagn til Vestfjarða hefur ekki verið í samræmi við kröfur um aukið þjónustustig. Sveitarfélögin á Vestfjörðum vilja því brýna stjórnvöld um að tryggja fullnægjandi fjármagn, til framtíðar, til reksturs BsVest. Sveitarstjórnarmenn vilja áréttta að endurmat þurfi á jöfnunarkerfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þess að halda megi úti faglegri þjónustu við fatlað fólk í heimabyggð. Ef skera á niður þjónustu sem er fyrir hendi nú þegar, þarf ríkið að koma með tillögur hvernig það sé útfært án þess að það sé andstætt lögum og reglugerðum um þjónustu við fatlað fólk. Ef aukið fjármagn fæst ekki frá ríkinu fyrir árið 2015 og komandi ár, þannig að sveitarfélögin á Vestfjörðum geti ekki veitt þjónustu í samræmi við lög, reglugerðir, og þjónustuparfir einstaklinga, sjá sveitarfélögin sér ekki annað fært en að taka upp viðræður við félags- og húsnæðismálaráðherra um að málaflokkurinn færir aftur yfir til ríkisins.